

**Skýrsla stjórnar foreldrafélags leikskólans
Vinagarðs starfsárið 2015-2016**



**VINA
GARÐUR**

Foreldrafélag Vinagarðs leikskóla KFUM og KFUK var stofnað í febrúar 2001. Var félagið þá rekið á kennitölu leikskólans. Þann 14. mars 2016 var haldinn formlegur stofnfundur og í kjölfarið var félagið stofnað með eigin kennitölu.

Tilgangur félagsins er að sameina foreldra barna á Vinagarði leikskóla KFUM og KFUK og standa vörð um velferð barna á leikskólanum. Tilgangi sínum nær félagið með því að standa fyrir viðburðum fyrir börn á leikskólanum og fjölskyldur þeirra, fylgjast með starfi leikskólans og vinna náið með leikskólastjóra.

Allir foreldrar barna á leikskólanum geta verið félagar í félaginu. Félagsmenn greiða árgjald eins og það er ákveðið á aðalfundi. Þeir félagsmenn sem ekki geta, aðstæðna sinna vegna, greitt árgjald halda þó félagsréttindum sínum. Félagsgjald fyrir veturinn 2015-2016 var ákveðið 5.000 kr fyrir eitt barn og 7.500 kr fyrir tvö eða fleiri börn. Sú breyting var gerð haustið 2015 að kröfurnar vegna félagsgjaldanna urðu hluti af ógreiddum reikningum í heimabönkum foreldra þar sem foreldrafélagið hafði fengið ábendingar um að þær týndust gjarnan inni í valkröfum. Greiddar kröfur voru 70 (377.500 kr) en 11 greiddu ekki. Þetta var mun betri árangur en árið áður þegar 39 greiddu (172.000 kr) og 40 greiddu ekki (168.000 kr) Þá var gjaldið 4.000/6.000 kr. Ógreiddar kröfur voru felldar niður sjálfkrafa 2. júní 2016.

Eftirtaldir sátu í stjórn foreldrafélagsins veturinn 2015-2016

Alda Jónsdóttir

Berglind Ingvarsdóttir

Berglind Ósk Þorsteinsdóttir

Guðmundur Karl Einarsson, *gjaldkeri*

Kristín Helga Waage Knútsdóttir, *formaður*

Oddný Anna Kjartansdóttir, *varamaður*

Ragnar Björginvsson, *varamaður*

Haldnir voru tveir stjórnarfundir yfir veturinn, einn að hausti fyrir starf haustannar og annar að vetri fyrir starf vorannar. Helstu verkefni foreldrafélagsins síðastliðið leikskólaár fólust í skipulagningu og utanumhaldi á eftirtöldum viðburðum:

Hópmyndataka

Í tilefni af 40 ára afmæli Vinagarðs stóð foreldrafélagið fyrir hópmyndatöku handa leikskólanum. Myndatakan fór fram 28. október 2015. Myndin var tekin af Önnu Ellen ljósmyndara (Studio Douglas).

Deildar-, einstaklings- og systkinamyndatökur

Foreldrafélagið stóð fyrir deildar-, einstaklings- og systkinamyndatökum af öllum börnum leikskólans. Myndatökurnar fóru fram í byrjun nóvember og gengu mjög vel. Myndirnar voru til sölu til styrktar starfi foreldrafélagsins. Hver pakki kostaði 4000 kr. og innihélt eina útprentaða deildarmynd og 3 útprentaðar einstaklingsmyndir. Einstaklingsmyndirnar fengu foreldrar einnig rafrænt. Systkini fengu síðan systkinamyndatöku aukalega með (útprentaðar

og rafrænt) án endurgjalds. Sú myndataka fór fram þegar deild yngra systkinis fór í myndatöku. Anna Ellen ljósmyndari (Studio Douglas) sá um allar myndatökurnar og voru þær allar teknar á leikskólatíma inni á deildum leikskólans. Greiðslur voru millifærðar af foreldrum inn á reikning foreldrafélagsins fyrir afhendingu myndanna. Myndirnar voru afhentar á jólaglöggi foreldra 24. nóvember 2015.

Haustferð í Vatnaskóg

Foreldrafélagið hefur um árabíl staðið straum af rútuferðum upp í Vatnaskóg vegna haustferðar barnanna og starfsárið 2015-2016 varð engin breyting þar á. Haustferðin var farin föstudaginn 30. október 2015.

Jóla- og tækifæriskort

Foreldrafélagið lét framleiða jóla- og tækifæriskort til styrktar leikskólanum. Myndirnar á kortunum voru samvinnuverkefni barnanna á hverri deild fyrir sig og voru unnar í október og nóvember 2015. Kortin voru til sölu á jólaballinu. Kortin voru 10 í pakka og kostaði pakkinn 1500 kr.

Afmæli Vinagarðs

Leikskólinn Vinagarður var stofnaður 17. nóvember 1975 og fagnaði því 40 ára afmæli árið 2015. Af því tilefni var slegið upp veislu þann 17. nóvember 2015 í samkomusal KFUM og KFUK við Holtaveg frá kl. 15:30-17:00. Öllum börnum leikskólans og foreldrum var boðið í veisluna. Dagskráin hófst á söng barnanna og Elín Sif Halldórsdóttir söngkona og fyrrverandi leikskólabarn Vinagarðs koma og söng nokkur lög fyrir gesti. Leikskólinn, í samvinnu við foreldrafélagið bauð upp á afmælisköku og aðrar veitingar. Öll börn fengu einnig Vinagarðs blöðrur í tilefni dagsins og foreldrafélagið lét framleiða Vinagarðsbuff sem voru til sölu á afmælishátíðinni. Leikskólinn og foreldrafélagið buðu í sameiningu auk þessa öllum börnum leikskólans upp á sýningu frá Sirkus Íslands á leikskólatíma á afmældisdaginn.

Innpökkun jólagjafa og jólaglög

Foreldrar og starfsfólks aðstoðuðu jólasveinana við að pakka inn jólagjöfum til barnanna fyrir jólaball leikskólans. Foreldrafélagið afhenti einnig starfsfólki jólagjafir og allir áttu huggulega kvöldstund saman. Myndir úr myndatökum voru afhentar.

Jólaball

Árlegt jólaball Vinagarðs var haldið laugardaginn 5. desember kl 11-13 í samkomusal KFUM og KFUK við Holtaveg. Sú fallega hefð hefur skapast að jólaskemmtunin hefist með helgileik barna á Uglugarði og stóðu börnin sig með þrýði. Dansað var í kringum jólatré, jólasveinar heimsóttu skemmtunina og öll börn fóru heim með jólagjöf í boði foreldrafélagsins. Jóla- og sælkerabasarinn, sem er ein helsta fjármögnunarleið foreldrafélagsins var á sínum stað ásamt því að fallega myndskreyttu tækifæris- og jólakortin eftir börnin voru til sölu.

Fræðslukvöld foreldrafélagsins

Árlegt fræðslukvöld foreldrafélagsins var haldið 14. mars kl. 20 á Uglugarði. Farið var yfir slysaforvarnir og skyndihjálp vegna algengra áverka eða veikinda hjá börnum. Önnur dagskrá fræðslukvöldsins var formlegur stofnfundur foreldrafélags Vinagarðs á eigin kennitölu ásamt því að starfsfólk Vinagarðs fékk afhent gjafabréf upp á einn frídag á launum í boði foreldra.

Vorhátíð Vinagarðs.

Laugardaginn 7. maí kl. 11:00-13:00 var hin árlega vorhátíð Vinagarðs haldin með glæsibrag. Verk og gersemar barnanna voru til sýnis inni á deildum, Íþróttarálfurinn kíkti í heimsókn, boðið var upp á grillaðar pylsur og safa. Foreldrafélagið sá fyrir sælkerabasar og ís frá Valdísi var til sölu.

Frídagur starfsfólks á launum

Sú skemmtilega hefð hefur skapast í leikskólanum að hver starfsmaður fær frídag á launum á vorin í boði foreldra. Foreldrar barna koma og vinna í leikskólanum á frídögum við mikinn fögnuð barnanna. Í boði hefur verið að vinna hluta úr degi eða heilan dag. Vel var tekið í frídagana af hálfu foreldra vorið 2015 og því gekk vel að manna dagana.

Ný heimasíða leikskólans, www.vinagarður.is, leit dagsins ljós 9. júní. Guðmundur Karl, gjaldkeri foreldrafélagsins, fær miklar þakkir fyrir þá vinnu.

Afmælisgjafir foreldrafélagsins til leikskólans voru afhentar fyrir vorhátíð leikskólans. Gjafirnar voru fánastöng og íslenskur fáni, tvö sparkhjól og nýtt grill.

Að lokum þakkar stjórn foreldrafélagsins kærlega öllum þeim sem lögðu hönd á plóg síðastliðið leikskólaár í starfi foreldrafélagsins í þágu Vinagarðs.